

Ársskýrsla 2014

Búsetudeild Akureyrarbæjar



Höfundur myndar: Gunnlaug E. Friðriksdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Almenn um búsetudeild og verkefni hennar	2
1.1 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar	2
1.1.1 Helstu magnþölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár.....	3
1.1.2 Skipurit búsetudeildar	4
1.1.3 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2014	5
2 Starfsemin 2014.....	6
2.1 Félagsstarf aldraðra.....	6
2.2 Dagþjónusta aldraðra	6
2.3 Skammtímaþjónusta og skólavistun fyrir fatlað fólk	6
2.4 Umsóknir um húsnæði fyrir fatlað fólk	7
2.5 Hugmyndafræði búsetudeildar	7
2.6 Markviss	8
2.7 Starfsdagur.....	8
2.8 SIS mat	9
3 Heimaþjónusta.....	10
3.1 Almenn félagsleg heimaþjónusta.....	10
3.1.1 Ráðgjöfin heim.....	13
3.1.2 Gránufélagsteymi	13
3.1.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu.....	14
3.2 Sérstök heimaþjónusta	15
3.3 Heimsendur matur	15
4 NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	17
5 Ráðgjöf iðjuþjálfara.....	18
6 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks	19
7 Félagsleg liðveisla	20
8 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk.....	21
8.1 Þjónustukjarnar og sambýli	22
8.1.1 Áfangaheimili.....	23
8.2 Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	23
9 Skammtíma- og skólavistun	25


1 Almennt um búsetudeild og verkefni hennar

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að þjónusta Akureyringa sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetudeild veitti á árinu 2014:

- Heimaþjónusta (félagsleg heimaþjónusta og frekari liðveisla)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, áfangaheimili, heimili f. börn)
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra
- Notendastýrð persónuleg aðstoð
- Tómsundastarf aldraðra til 1. júní.
- Dagþjónusta aldraðra til 1. sept.

1.1 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar

Búsetudeild hefur á að skipa öflugum starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 322 talsins í 176 stöðugildum. Af þessum 322 voru 50 í tímavinnu í félagslegri liðveislunni. Karlar voru 116 í 60 stöðugildum og konur 206 í 116 stöðugildum. Karlar voru því í 34% stöðugilda og konur í 66%. Hlutfall karla sem starfa hjá búsetudeild hefur hækkað um 5% á milli ára.



Mynd 1 – Kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild 2008-2014

1.1.1 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár


	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Einstaklingar sem fengu heimaþjónustu	677	658	679	735	782	732	785	804	803	800	848
Heimili sem fengu heimaþjónustu	560	537	566	592	630	614	575	562	584	585	610
Stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu	29,2	29,6	33,9	35,5	37,2	39,3	38,8	45,3	46,5	40,3	44
Einstakl. sem fengu heimsendan mat	113	108	126	126	159	146	148	161	134	92	98
Einstakl. sem fengu félagslega liðveislu	122	100	110	106	115	100	107	114	125	127	127
Fjöldi sem fengu > en 10 klst. á viku í heimaþjónustu	6	6	13	12	14	15	15	15	18	22	24
Einstaklingar í þjónustukjörnum og sambýlum	46	46	45	46	46	48	49	49	51	53	54
Einstaklingar í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	6	6	11	11	11	11	11	11	10	11	11
Börn í búsetuþjónustu	3	3	3	1	1	1	2	2	1	2	2
Stöðugildi í búsetuþjónustu	74,5	73	75,5	85	84	85,5	95	97,8	101,2	102,3	111,5*
Fjöldi notenda skammtímavistunar	28	31	26	27	25	23	20	21	21	20	19
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	56	49	49	50	48	61	59	57	50	64	**
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfara	121	96	82	90	120	104	130	153	149	138	134
Einstaklingar sem fengu heilsueflandi heimsóknir	152	119	147	419	528	284	382	526	542	566	556

Skýringar við töflu:

*Mikil aukning varð í mönnun milli ára vegna öryggisvistunar

**Þjónustan fluttist 1. sept. 2014 og er gerð grein fyrir þjónustunni í ársskýrslu Öldrunarheimila Akureyrar

1.1.2 Skipurit búsetudeildar



Mynd 2 – Skipurit desember 2014

1.1.3 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2014

Tafla 2 – Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2014 (í þúsund krónum)

	2013	2014	Mismunur milli ára
Tekjur	-27.166	-31.267	
Laun og launatengd gjöld	37.517	37.708	
Annar kostnaður	16.543	19.029	
Skrifstofa búsetudeildar	26.894	25.470	-5%
Tekjur	-32.134	-35.844	
Laun og launatengd gjöld	44.889	49.762	
Annar kostnaður	41.842	42.843	
Þjónustumiðstöð Víðilundi	54.597	56.761	4%
Tekjur	-3.593	-3.594	
Laun og launatengd gjöld	7.512	6.164	
Annar kostnaður	17.293	14.864	
Þjónustumiðstöð Bugðusiðu	21.212	17.434	-18%
Tekjur	-7.783	-8.123	
Laun og launatengd gjöld	7.468	7.593	
Annar kostnaður	427	500	
Heilsueflandi heimsókn til aldra	112	-30	0%
Tekjur	-3.919	-2.521	
Laun og launatengd gjöld	34.130	30.373	
Annar kostnaður	8.457	11.341	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	38.668	39.192	1%
Tekjur	-7.665		
Laun og launatengd gjöld	20.547		
Annar kostnaður	5.670	30.072	
Skólavistun fatlaðra í Árholti	18.552	30.072	62%
Tekjur	-6.111	-39.759	
Laun og launatengd gjöld	65.437	96.449	
Annar kostnaður	12.380	26.768	
Skammtímvistun Skólastíg 5	71.706	83.458	16%
Tekjur	-11.219	-11.939	
Styrkir og framlög	18.971	23.856	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	7.752	11.918	54%
Tekjur	-37.447	-48.057	
Laun og launatengd gjöld	141.117	153.361	
Annar kostnaður	47.108	53.454	
Heimaþjónusta A	150.778	158.757	5%
Tekjur	-75.564	-84.505	
Laun og launatengd gjöld	135.342	135.764	
Annar kostnaður	7.321	45.578	
Heimaþjónusta B	67.099	96.838	44%
Þjónustukaup	165.954	183.084	
Sameiginlegur kostnaður	165.954	183.084	10%

	2013	2014	Mismunur milli ára
Laun og launatengd gjöld	141.467	160.824	
Annar kostnaður	2.471	923	
Búsbj Geislat og Hafnarstræti	143.938	161.748	12%
Laun og launatengd gjöld	67.391	76.928	
Annar kostnaður	651	1.078	
Þjónustukjarni Klettatúni	68.042	78.005	15%
Tekjur	-800		
Laun og launatengd gjöld	28.686	33.952	
Annar kostnaður	149	101	
Búsetubj. v. Glerá	28.035	34.052	14%
Laun og launatengd gjöld	30.846		
Annar kostnaður	10.735		
Samþýli Dvergagili, lokar haust 2013	41.581		
Tekjur	-975		
Laun og launatengd gjöld	155.24	176.505	
Annar kostnaður	1.776	1.400	
Búsetubj. Snægili og Kjalasíðu	156.045	177.905	14%
Tekjur	-3.334	-19.835	
Laun og launatengd gjöld	145.591	170.425	
Annar kostnaður	2.205	12.189	
Þjónustukjarni Þrastarlundi og Jörvabyggð	131.294	162.778	13%
Tekjur	-22.196	-65.970	
Laun og launatengd gjöld	87.392	148.372	
Annar kostnaður	4.388	5.425	
Þjónustukjarni Hafnarstræti	69.584	87.827	26%
Tekjur	-4.867	-17.509	
Laun og launatengd gjöld	127.189	141.655	
Annar kostnaður	8.227	20.566	
Búsetubjónusta við geðfatlaða / Gránufélagsteymi	130.541	126.203	-3%
Tekjur	-21.251	-23.044	
Annar kostnaður	50.442	49.993	
Húsnæðiskostnaður Búsetudeildar	29.191	26.950	-8%
Annar kostnaður			
NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	13.448	46.442	345%
Heildarkostnaður búsetudeildar	1.448.192	1.623.374	12%

2 Starfsemin 2014

2.1 Félagsstarf aldraðra

Um mitt ár var tekin ákvörðun af félagsmálaráði og samfélags- og mannréttindaráði að félagsstarf aldraðra færi undir samfélags- og mannréttindadeild eins og annað félagsstarf bæjarins. Aðdragandinn að þessari breytingu var nokkuð langur en í byrjun árs 2013 var skipaður vinnuhópur sem fór yfir framtíðarskipan þeirra tómstundatilboða sem Akureyrarbær býður fullorðnum einstaklingum upp á. Hlutverk hans var að fara yfir tómstundatilboðin og gera tillögur að framtíðar fyrirkomulagi. Hópurinn skilaði af sér samantekt til félagsmálaráðs 9. desember sama ár. Fyrst og fremst voru skoðaðir kostir og gallar á hverjum stað fyrir sig og var það mat hópsins að góð aðstaða væri á Akureyri til að sinna tómstunda- og félagsstarfi. Þó þyrfti að huga að góðu aðgengi bæði að stöðunum og innan dyra. Helstu tillögur voru að skoða nánar hvort samnýta mætti starfsemi sem býður upp á félags- og tómstundir fyrir fullorðna á Akureyri m.a. húsnæði og tilboð. Lagt var til að könnun sem gerð var árið 2005 meðal 68-85 ára Akureyringa um viðhorf þeirra til félags- og tómstundastarfs yrði endurtekin.

Því miður var könnunin ekki framkvæmd á árinu en ákveðið var að stíga það skref að samþætta félagsstarf aldraðra öðru félagsstarfi bæjarins. Vonast er til að með sameiningunni verði fjölbreytni í félagsstarfi aldraðra enn meiri en hingað til. Starfsemin er þó óbreytt á sömu stöðum og áður þ.e. í þjónustumiðstöðvunum í Víðilundi og Bugðusíðu.

2.2 Dagþjónusta aldraðra

Um síðustu áramót sameinaðist dagþjónusta aldraðra í Víðilundi dagþjónustunni í Hlíð en er þó enn starfrækt á sama stað. Ástæður voru nokkrar m.a. að einfalda stjórnun og rekstur en með sameiginlegri yfirstjórn er auðveldara að samþætta og samræma þjónustuna, efla þekkingu starfsfólks og bæta þannig þjónustuna við notendur. Með því er auðveldara að þróa þjónustuna í takt við nýjar og breyttar þarfir.

2.3 Skammtí mavistun og skólavistun fyrir fatlað fólk

Þann 1. mars 2014 fluttu skammtí mavistun og skólavistun í Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti. Áður voru þessi þjónustutilboð rekin á tveimur stöðum, skammtí mavistun í Skólastíg 5 og skólavistun í Árholti. Aðbúnaður í nýja staðnum er allur hinn besti og hafa notendur lýst yfir ánægju með breytinguna. Á næsta ári verður lokið við framkvæmdir utanhúss.

2.4 Umsóknir um húsnæði fyrir fatlað fólk

Á árinu voru gerðar miklar breytingar á umsóknum um húsnæði. Tekið er á móti öllum umsóknum um húsnæði hjá húsnæðisdeild Akureyrarbæjar, hvort heldur er um að ræða húsnæði í almennum félagslegum leiguíbúðum eða sérútbúið húsnæði fyrir fatlað fólk. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi búsetudeildar og ef húsnæði sem er sérstaklega ætlað fyrir fatlað fólk losnar, er kallaður saman sérstakur hópur sem gerir tillögur um úthlutun.

Umsóknir um áfangaheimili berast þó til búsetudeildar, þar sem ekki er um eiginlegt húsnæðisúrræði að ræða heldur tímabundið úrræði fyrir fólk sem er að vinna að markmiðum sínum með það að takmarki að geta fótað sig í lífinu með litlum eða engum stuðningi í framtíðinni.

2.5 Hugmyndafræði búsetudeildar

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu á hugmyndafræði deildarinnar sem eru helst tvær, valdefling og þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching). Valdefling snýst um að efla getu einstaklingsins til að stjórna eigin lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir, nýta réttindi sín og öðlast þau lífsgæði sem eðlileg þykja. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Starfsfólk og notendur vinna saman á jafningjagrunni og skipta á milli sín hlutverkum og ákvarðanatöku er varðar þjónustuna. Starfsfólkið leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir notendurna til að geta komið í framkvæmd eigin hugmyndum svo þeir fái notið sín sem best og upplifi sig sem virka þátttakendur í samfélaginu.

„Að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk“ er heiti á samstarfsverkefni sem fór af stað á vormánuðum árið 2014. Velferðarráðuneytið gerði samning við búsetudeild Akureyrarbæjar og Sveitarfélagið Árborg um innleiðingu á hugmyndafræði valdeflingar og átti innleiðingin að ná bæði til íbúa og starfsfólks. Búsetudeild Akureyrarbæjar sá um að innleiða hugmyndafræðina í þjónustu við fólk með geðröskun sem býr í sjálfstæðri búsetu. Sveitarfélagið Árborg tók að sér að innleiða og styrkja hugmyndafræði valdeflingar í þjónustu við fólk með þroskahömlun sem býr í sjálfstæðri búsetu.

Næstu skref í innleiðingarferlinu er að þjálfra upp fleiri leiðbeinendur sem geta tekið að sér forystuhlutverk við innleiðingu valdeflingar. Áætlað er að finna áhugasama fagaðila hjá búsetudeild sem eru tilbúnir að taka að sér þetta verkefni og stuðla þannig að frekari útbreiðslu valdeflingarinnar inn í þjónustu deildarinnar. Einnig er á stefnuskrá að halda ráðstefnu á landsvísi þar sem farið verður yfir niðurstöður þessa verkefnis sem farið var af stað með í upphafi, þ.e. að að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk. Þar munu fulltrúar frá búsetudeild Akureyrarbæjar og Sveitarfélaginu Árborg kynna niðurstöður sinnar vinnu og bera saman hvað gekk vel og hvað betur mátti fara.

Samhliða því að innleiða valdeflingu var áfram unnið að innleiðingu á þjónandi leiðsögn. Það er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Alúð, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en skilyrt umbun og refsingar eru ekki viðurkenndar sem aðferð. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum, hann hvattur til að setja sér markmið og veitt aðstoð við að ná þeim.

Hugmyndafræðin byggir á fjórum grunnstoðum hvað varðar samskipti en þær eru: *Traust/tengsl, veita kærleika og taka á móti kærleika ásamt þátttöku í eigin lífi*. Hún á því góðan samhljóm við hugmyndafræði valdeflingar.

Sett var af stað þjálfun tuttugu og þriggja fagaðila (mentora) til að dýpka skilning á hugmyndafræðinni, fylgja því eftir að innleiðingarferlið skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna. Um tveggja ára ferli er að ræða sem byrjaði með því að Michael Vincent, bandarískur sálfræðingur sem hefur áratuga reynslu af kennslu og innleiðingu á hugmyndafræðinni hélt námskeið fyrir hópinn í maí 2014. Síðan hefur hópurinn hist reglulega og mun þjálfunarferlinu ljúka í maí árið 2015 með öðru námskeiði hjá Michael. Allir starfsmenn búsetudeildarinnar munu fá fyrirlestra og þjálfun sem mentorarnir munu fylgja eftir og leiðbeina starfsmönnum með hvaða hætti markmiðum hugmyndafræðinnar verði náð í þjónustunni.

Samstarf við erlenda aðila og stofnanir hafa á síðustu árum aukist mikið. Nú þegar eru nokkrir fagmenn búsetudeildar í samstarfi við marga erlenda aðila sem hafa í áratugi haft þjónandi leiðsögn sem grunnhugmyndafræði í allri sinni þjónustu og eru leiðandi á alþjóðavísu. Þannig hefur starfsfólk náð að þróa og dýpka skilning sinn á hugmyndafræðinni með áherslu á að hún skili sér inn í þjónustu deildarinnar. Starfsfólk hefur einnig náð að bera þjónustuna saman við það sem er að gerast annars staðar í heiminum og séð að á Akureyri hefur náðst góður árangur, ekki síst hvað varðar þjónustu við þá einstaklinga sem eru með flóknar atferlisraskanir. Starfsfólk búsetudeildar hefur því margt fram að færa til alþjóðasamfélagsins. Náíð samstarfi er við aðila í Bandaríkjunum, Kanada, Belgíu, Danmörku og Hollandi. Þess utan eru tengsl við önnur lönd s.s. Brasilíu, Puerto Rico og Japan.

Árlega er haldin alþjóðleg ráðstefna Gentle Teaching samtakanna. Búsetudeild hefur átt fulltrúa á henni frá árinu 2012. Þátttakan hefur opnað ýmsar dyr, bæði til dýpri faglegrar þekkingar auk þess að koma á samskiptum við fólk og stofnanir víðsvegar um heim. Þátttakendur frá deildinni hafa einnig haldið fyrirlestra á ráðstefnunum. Það eru spennandi tímar framundan því ákveðið hefur verið að haustið 2016 verði alþjóðlega ráðstefnan haldin á Akureyri og mun búsetudeild ásamt Öldrunarheimilum Akureyrar standa að henni. Aukinn áhugi er um allt land fyrir þeirri leið sem við höfum farið og hafa fulltrúar búsetudeildar kynnt og haldið fyrirlestra víða og finna greinilega fyrir miklum áhuga á þessari nálgun. Lífsgæði þeirra sem þjónustuna nota hafa aukist til muna. Það hefur komið fram bæði hjá íbúum og þeirra aðstandendum, auk þess sem starfsmenn sjá stóran mun á líðan og lífi íbúa. Erum við stolt að geta deilt með öðrum þeim leiðum sem við höfum farið s.l. 20 ár.

2.6 Markviss

Undanfarin ár hafa starfsmenn búsetudeildar tekið þátt í verkefninu „Markviss“ á vegum Símeypjar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. „Markviss“ metur fræðsluþörf starfsmanna og í kjölfarið er sett upp fræðslutilboð til að mæta þörfinni. Á árinu voru haldin námskeið um hvernig á að takast á við kröfuharða einstaklinga. Einnig var Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjupjálfi, með fræðslu um geðheilbrigði.

2.7 Starfsdagur

Starfsdagur stjórnenda og fagfólks búsetudeildar var haldinn 16. október 2014 og mættu 46 manns. Markmið starfsdagsins var að tengja fólk saman og nýta þekkingu hópsins til að þróa

starfseminna. Á starfsdeginum var lögð sérstök áhersla á uppbyggingu þekkingar, aukna nýtingu á velferðartækni, sveigjanlega búsetuþjónustu, aukið notendasamráð og félagslíf fatlaðs fólks. Í lokin fóru fram umræður um afrakstur dagsins og í framhaldi af því var honum vísað til áframhaldandi vinnslu hjá búsetudeild.

2.8 SIS mat

Árið 2010 var tekið upp mat á stuðningsþörf fyrir fatlað fólk, SIS mat (Supports Intensity Scale), sem ætlað er að meta þörf fólks fyrir aðstoð. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmdinni. Matið fer þannig fram að utanaðkomandi matsmaður ræðir við starfsmenn sem þekkja vel til mála, þjónustunotandann sjálfan og aðstandendur ef við á. Niðurstaða matsins segir til um hver þörfin er fyrir aðstoð, við hvað og ekki síst hverjir styrkleikar viðkomandi eru. Tekin hefur verið ákvörðun um að skipting fjármagns ríkisins í þjónustu við fatlað fólk byggji að mestu leyti á útkomu úr SIS mati. Fer það því eftir útkomu úr SIS mati hversu miklir fjármunir til þjónustunnar fást frá ríkinu. Á árinu var gert endurmat á öllum sem fóru í SIS mat árið 2010 en um áramót höfðu niðurstöður ekki borist.

3 Heimaþjónusta

Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu og nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskyldu-aðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar samkvæmt þeim reglum sem Félagsmálaráð Akureyrar hefur sett.

Heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoð við eigin umsjá.
- Aðstoð við heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingar matar.
- Ráðgjöf iðjuþjálfunar


Markmið heimaþjónustu er að veita aðstoð til sjálfshjálpar þegar því verður við komið. Þannig getur í sumum tilvikum verið um tímabundna þjónustu að ræða. Sérstakur matshópur fundar vikulega og tekur ákvörðun um veitta þjónustu út frá sérstöku mati sem lagt er fyrir þá sem sækja um.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna öldrunar, sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sérstaka heimaþjónustu. Gróf skipting er að almenn heimaþjónusta sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og öllum þeim sem eru eldri en 67 ára. Það er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en sérstök heimaþjónusta sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 tíma á viku. Það er sú þjónusta sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd þjónustunnar.

Starfsstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, en þær stærstu eru að Bugðusíðu 1 og í húsnaði Íþróttahallarinnar við Skólastíg. Í Skólastíg er einnig starfsstöð heimahjúkrunar og er mikið samstarf þar á milli. Stöðugildi 2014 í heimaþjónustu voru 44 og fjöldi starfsmanna 69.


3.1 Almenn félagsleg heimaþjónusta

Á árinu 2014 fengu 610 heimili almenna félagslega heimaþjónustu sem er nokkur aukning frá undanförunum árum. Eins og sést á mynd 3 þá er aldrei fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldrei frá 65 ára aldri. Af þeim 429 heimilum aldrei sem fengu heimaþjónustu voru íbúar 308 heimila 80 ára og eldri. Á þeim heimilum bjuggu 393 einstaklingar og jafngildir það að 55 % 80 ára og eldri á Akureyri hafi haft almenna félagslega heimaþjónustu. Almenn félagsleg heimaþjónusta er veitt alla daga ársins.




Mynd 3 – Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2014

Meðal 65 ára og eldri á Akureyri er hlutfall kvenna sem er með heimaþjónustu heldur hærri en hlutfall karla. Á mynd 4 sést hve mörg prósent karla og kvenna á þessum aldri eru með heimaþjónustu.




Mynd 4 – Hlutfall karla og kvenna á Akureyri 65 ára og eldri sem fá heimaþjónustu

Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 5) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda (mynd 3) kemur í ljós að vinnustundir á hvern aldraðan einstakling eru mun færri en hjá öryrkjum.



Mynd 5 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum 2008-2014


Þegar vinnustundir eru betur skoðaðar kemur í ljós að heldur fækkar þeim sem eingöngu eru veittar í þrif en fjölgar þeim sem er varið í fjölbreyttari þjónustu. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu.



Mynd 6 – Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum

3.1.1 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2014 fengu 39 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 29 konur og 10 karlar.




Mynd 7 – Fjöldi sem fengu aðstoð ráðgjafarinnar heim

Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustu og um áramót voru nokkrir einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu þrír iðjuþjálfar í 2,1 stöðugildi.

3.1.2 Gránufélagsteymi

Gránufélagsteymi er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10:00 til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Unnið er eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar en hún felst í því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2014 fengu 30 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu og hefur fjöldinn aukist ár frá ári. Allir þjónustunotendur eru karlar. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær og er misjafnt eftir tímabilum.




Mynd 8 – Fjöldi sem fengu aðstoð Gránufélagsteymis

Starfandi er fagteymi geðlæknis, félagsráðgjafa, þroskaþjálfara og forstöðumanns sem er iðjuþjálfari. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafar um það sem upp kemur í starfsemiinni. Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða stýrir þjónustunni þó svo að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu.

Ráðgjöfin heim og Gránufélagsteymi eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu, fjölda þjónustunotenda, fjölda vinnutíma og í tölum um kostnað.

3.1.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu




Mynd 9 – Kostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu 2003-2014 á verðlagi ársins 2014

Eins og sjá má á mynd 9 hafa útgjöld til heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi ársins 2014. Við útreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustu. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2014 var um 5.500 krónur. Í þeirri tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

3.2 Sérstök heimaþjónusta

Árið 2014 fengu alls 30 einstaklingar sérstaka heimaþjónustu (frekari liðveisla) á Akureyri og einn utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Af þeim voru 23 sem fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku.




Mynd 10 – Sérstök heimaþjónusta (>10 tímar á viku) 2008-2014

Eins og sjá má á mynd 10 hefur orðið mikil aukning í sérstakri heimaþjónustu (frekari liðveisla) á undanförunum árum, aðallega eftir 2008. Sífellt fleiri sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima þrátt fyrir mikla þjónustubörf í stað þess að flytjast á stofnun. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu. Aðilar skipta með sér verkum en sumum verkum sinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum.


3.3 Heimsendur matur

Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónusta þessi er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á heimsenda matnum til kaupenda. Alls nýttu 98 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 85 flokkuðust sem heimili aldraðra en þrettán heimili öryrkja. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 15.215. Eins og sjá má á mynd 11 hefur fækkað þeim á undanförunum árum sem fá heimsendan mat en seldum bökkum fjölgað.



Mynd 11 – Heimsendur matur 2003-2014, fjöldi bakka og fjöldi notenda

Kostnaður við heimsendan mat hefur verið nokkuð stöðugur á milli ára og hlutfall á milli kostnaðar bæjarins og neytenda hefur haldist nokkuð jafnt frá árinu 2007. Þó hefur niðurgreiðsla bæjarins á hvern bakka aðeins hækkað á milli ára eins og sjá má á mynd 12.



Mynd 12 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat

4 NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð


Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggja á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög til að styðjast við. Í þeim reglum kemur fram að áætlað sé að lögfesta þessa þjónustu sem eina meginstoð í þjónustu við fatlað fólk árið 2014 en því hefur verið frestað um tvö ár eða til ársloka 2016. Á árinu voru í gildi fimm samningar um NPA vegna sex einstaklinga, þriggja barna og þriggja fullorðinna. Er það einum samningi færri en árið á undan þegar samningar voru sex vegna sjö einstaklinga, fjögurra fullorðna og þriggja barna.

5 Ráðgjöf iðjuþjálfar

Búsetudeild býður þjónustu iðjuþjálfar í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri. Markmiðið með iðjuþjálfun er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Þörf er á iðjuþjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt eftir að færni hefur breyst í kjölfar sjúkdóms eða annars áfalls.

Iðjuþjálfar veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann tekur þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um til deildarinnar og veitir einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Iðjuþjálfar fer á heimili fólks og metur færni þess með tilliti til athafna daglegs lífs, metur þörf á hjálpartækjum, kennir á þau, veitir ráðgjöf, sinnir eftirfylgd og fleira.

Í ágúst árið 2014 urðu mannabreytingar og fór starfandi iðjuþjálfar í ársleyfi. Í staðinn voru ráðnir tveir iðjuþjálfar til starfa. Á þeim tímapunkti var aukið við stöðu iðjuþjálfar um 20% og fór því stöðugildið upp í 120%. Annarsvegar er nú starfandi iðjuþjálfar í 40% starfshlutfalli sem veitir aðallega börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf, á meðan sá sem er í 80% starfshlutfalli veitir eldra fólki ráðgjöf. Helstu verkefni ársins hafa verið tengd hjálpartækjamálum ásamt ýmiss konar ráðgjöf.



Mynd 13 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjuþjálfar 2003-2014

Árið 2014 fengu 134 einstaklingar ráðgjöf sem er nokkuð svipað og árið á undan (mynd 13). Meðalaldurinn var 70 ár og aldursbilið frá þriggja ára upp í 93 ára.

6 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks


Akureyrarbær í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri hefur boðið upp á heilsueflandi heimsóknir til 75 ára og eldri frá árinu 2000 í umdæmissvæði Heilsugæslunnar. Þeim íbúum 75 ára og eldri sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar, heimahlynnningar og/eða dagþjónustu er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári. Auk heimsóknanna hafa starfsmenn símatíma alla virka daga.

Tilgangur þjónustunnar er:

- Að hvetja og styrkja einstaklinga til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst.
- Að stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.
- Að veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er.
- Að veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf miðað við aðstæður hvers og eins.

Í heimsóknunum er m.a. rætt um heilsufar og heilbrigði, vellíðan, öryggi, lífsgæði og hugmyndir um framtíðina, búsetu, samvistir við aðra, tómstundir o.fl. Þjónustan myndar samskiptaleið frá notandanum til þjónustukerfis bæjarins. Boðið er upp á að hafa einn ákveðinn tengilið sem hægt er að hafa samband við hvenær sem er eftir fyrstu heimsókn. Frá upphafi hefur þessu þjónustutilboði verið afar vel tekið og á árinu 2014 þáðu 74% af þeim sem fengu boð um heimsókn hana. Um 6% af þeim sem áttu að fá heimsókn fengu ekki þar sem þeir höfðu byrjað í heimahjúkrun, farið í dagvist, flutt inn á öldrunarheimili eða látist áður en þeim var boðin heimsókn.

Árið 2014 var öllum þeim sem áttu að fá þjónustu boðin ein heimsókn. Ekki var hægt að koma því við að bjóða upp á aðra líkt og miðað var við í upphafi þjónustunnar en á síðasta ári voru stöðugildi 1,3.




Mynd 14 – Heilsueflandi heimsóknir

7 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs.

Þjónustu í formi félagslegrar liðveislu fengu 115 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, 30 konur yfir 18 ára og 35 karlar yfir 18 ára fengu liðveislu á árinu, 14 stúlkur undir 18 ára og 36 drengir undir 18 ára aldri.



Mynd 15 – Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu 2014.

Flestir einstaklingar fá úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með frekari liðveislu (Heimaþjónustu B) fengu yfirleitt úthlutað 8 tímum á mánuði. 10 einstaklingar fengu úthlutað fleiri tímum en 10 á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling en á árinu voru fjórir liðveitendur með tvo liðþega. Á árinu 2014 var veitt félagsleg liðveisla í fimm hópum, þar má nefna stuðning í skátafélagið Klakk, einhverfuhóp í Rósenborg, sumarnámskeið fyrir börn og unglinga „Fallegi bærinn minn“. Hópliðveisla er einnig veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni í góðu samstarfi við sundfélagið. Starfsmenn í félagslegri liðveislu voru tæplega 90 og allir ráðnir í tímavinnu.

Heildartímafjöldi á árinu 2014 var 8140 tímar, hér eru ekki liðveislutímar í þjónustukjörnum taldir með.


Í þessum tölum eru taldir tímar seldir öðrum sveitarfélögum.

Heildarkostnaður félagslegrar liðveislu er 39.193.767- krónur.

8 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 73 einstaklingar þjónustunnar, 50 karlar en 23 konur. Þar af bjuggu sex á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir, þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru 24 einstaklingar sem fengu sérstaka heimaþjónustu/frekari liðveislu sem er meira en 10 klst. á viku en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í SIS mat þar sem lagt er mat á þörf fyrir aðstoð og fær Akureyrarbær greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölgar sem búa í þjónustukjörnum.



Mynd 16 – Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk 2004-2014

8.1 Þjónustukjarnar og sambýli

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru keypt stór einbýlishús og þar bjuggu saman í hefðbundnum fjölskylduhúsum fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnaðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftar en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svo náð sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu bygginga-reglugerðar. Í lok desember 2014 var þó enn búseta í fjórum herbergjasambýlum. Eitt húsið tóku ættingjar og talsmenn íbúa að leigu fyrir þeirra hönd og er því ekki eitt af úrræðum Akureyrarbæjar þó svo það sé talið með hér þar sem þjónusta þar er veitt af bæjarfélaginu. Tvö voru byggð sem sambýli, að Hafnarstræti 16 og Snægili 1, á níunda tug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraspor. Í þeim húsum eru öll herbergin rúmgóð og í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum. Eitt húsið er hefðbundið fjölskylduhús þar sem fimm fullorðnir einstaklingar búa saman.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Tveir einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun þ.e. hafa verið dæmdir til hennar. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf, við hvaða verkefni og hversu oft. Er þá tilgreindur stuðningur við öll verkefni, einnig það sem snýr að félagslífi og samskiptum utan heimilis. Í samningnum kemur einnig fram hvað íbúinn ætlar sjálfur að gera en mikilvægt er að aðstoða íbúa við að sinna verkefnum en ekki framkvæma þau fyrir hann.

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar en þá er lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir.

Í töflu 3 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2012, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda.

Þjónustukjarnar og sambýli							
		2012		2013		2014	
	Tegund búsetu	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi
Klettatún	Íbúðakjarni	7	8	7	8	8	9
Geislatún	Íbúðasambýli	4	9,9	4	9,9	5	9,9
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	4	9,1	4	9,1	5	9,1
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5	2	5	2	6	4,8
Þrastarlundur	Íbúðakjarni	7	16	7	16	7	16
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,4	6	9,4	6	9,3
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	6,5	4	6,5		
Kjalarsíða	Íbúðakjarni	7	9,7	7	9,7	7	11
Hafnarstræti	Íbúðakjarni	4	10	4	10	8	21,7
Hamratún	Áfangaheimili	5	4,1	5	4,1	6	3,9
Vallartún	Íbúðakjarni	5	8,6	5	8,6	5	8,8
Skútagil	Íbúðakjarni	5	4,1	5	4,1	5	3,9
Búsetuþjónusta við Glerá	Herbergjasambýli	4	3,9	4	3,9	4	4,1
Samtals		67	101,3	67	101,3	73	111,5


Tafla 3 – Sambýli og þjónustukjarnar

8.1.1 Áfangaheimili

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk, fimm íbúðir til búsetu og ein íbúð er til sameiginlegrar notkunar. Sex einstaklingar bjuggu þar árið 2014. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni sem miðar að því að þeir geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Mikið og gott samstarf er við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri sem veitir stuðning og ráðgjöf.

8.2 Biðlistar eftir búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 18 einstaklingar í árslok 2014. Fimmtán voru á bið eftir þjónustukjarna en þrír á bið eftir áfangaheimili.



Mynd 17 – Virkur biðlisti eftir búsetu með þjónustu


9 Skammtíma- og skólavistun




Mynd 18 – Húsnæði skammtíma- og skólavistunar að Þórunnarstræti

Þann 1. mars 2014 fluttu skammtíma- og skólavistun í Árholti í Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti 99. Aðbúnaður þar er allur hinn besti og notendur þjónustunnar eru mjög ánægðir. Mikill munur er fyrir stóran hóp notenda, sem oft fór á milli þessara tveggja staða, að þjónustan er öll á sama stað. Í dag er lífið mun einfaldara og léttara og notendur hlakka til að koma. Vorið 2015 er áætlað að ljúka framkvæmdum við garðinn í kringum húsið en lögð er áhersla á hvers kyns útivist í þjónustunni.

Skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólki sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni.



Mynd 19 – Skammtímvistun 2000-2014



Mynd 20 – Skammtímvistun fyrir fatlaða, fjöldi dvalarsólarhringa 2000-2014

Í skammtímvistun er lögð áhersla á að:

- skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- þjálfun fléttist inn í leik og dagleg störf og sé sem ósýnilegust.
- hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- upplýfing og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Lögð er áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegnum leik. Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.

Hluti skammtímaþjónustunnar er skólavistun fyrir börn/ungmennni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda fötlun og ekki geta nýtt sér önnur úrræði. Starfsemin er með svipuðu sniði og í öðrum skólavistunum, þ.e. nemendur sinna heimanámi, í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Opnunartími er kl. 13:00 – 17:00.

Á sumrin er einnig rekin dagvistun fyrir sama markhóp en þá er aldursbilið 6 – 20 ára og opnunartími frá kl. 8:00 – 16:00.

Markmið skóla- og sumarvistunar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum. Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

Skammtímavistun þjónustaði alls 19 einstaklinga á árinu, 8 voru yngri en 18 ára en 11 fullorðnir. Vistunarsólarhringar skammtímavistunar 2014 voru alls 2116, þar af 76 neyðarvistunarsólarhringar. Börn nýttu sér 912 sólarhringa og fullorðnir 1204, 14 börn/ungmennni nýttu sér þjónustu skólavistunar árið 2014 samtals 2088 þjónustudaga.